

Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur

Starfsáætlun 2013



Reykjavíkurborg



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit fyrir Íþróttá- og tómstundasvið	4
Hlutverk Íþróttá- og tómstundasviðs	4
Stefnukort ÍTR 2013	5
Helstu verkefni 2013.....	6
<i>Þjónusta</i>	6
<i>Verklag</i>	6
<i>Mannauður</i>	7
<i>Fjármál</i>	8
Lykiltölur ÍTR.....	9
Skorkort 2013.....	11
Fjárhagsáætlun ÍTR 2013.....	12
Viðauki.....	13
<i>Verkefnaskrá ÍTR 2013</i>	14

Inngangur


Á vegum ÍTR er rekstur 6 sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, skíðasvæða og fleira. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþrótt- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Á undanförunum misserum hafa verið gerðir nokkrir þjónustusamningar við íþróttafélög um rekstur íþróttamannvirkja sem áður voru hjá ÍTR.

Árið 2012 hófst viðamikil áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Unnið var að uppbyggingu nýs hjólabrettagarðs í Laugardal, eimbað var tekið í notkun á Ylströndinni, gervigrasvöllur og grasæfingasvæði á athafnasvæði Fram í Úlfarsárdal auk félags- og búningaðstöðu í Leirdal fyrir Fram og íbúa Grafarholts. Af framkvæmdum í sundlaugunum má nefna miklar endurbætur í Laugardalslaug, uppsetningu klórframleiðslutækja í Sundhöllinni, Laugardalslaug og Breiðholtslaug, nýtt eimbað í Grafarvogslaug, nýjan nuddpott og eimbað við Árbæjarlaug. Framhald verður á þessari áætlun á nýju ári en fyrirhugaðar eru framkvæmdir við nýtt eimbað í Breiðholtslaug, endurbygging búningasklefa í Laugardalslaug, nýr nuddpottur og barnaleiksvæði við Vesturbæjarlaug, endurbætur á bað- og búningasklefum í Sundhöllinni og Vesturbæjarlaug. ÍTR leggur á það áherslu að framkvæmdir við mannvirki valdi sem minnstri röskun á venjubundinni starfsemi og borgarbúar upplifi aukin þjónustugæði að þeim loknum.

Starfsemi ÍTR snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþrótt- og tómsundamálum og stuðningi við þau félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á árinu 2012 hefur verið unnið að stefnumótun í fjölmörgum málaflökkum sem varða þjónustuhlutverk og framtíðarsýn ÍTR. Í þeirri vinnu hefur náð samráð verið milli hagsmunaaðila innan borgarkerfisins og einnig við félög og samtök sem í hlut eiga. Í þessu tilliti má nefna stefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík til 2020, jafnréttisáætlun íþróttafélaga, innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar, mótun framtíðarsýnar fyrir sundlaugarnar, upplýsingatæknimál, málefni 16 ára og eldri, málefni fatlaðra ungmenna, forvarnamál og atvinnumál. Miklar væntingar eru til breytinga sem skýr stefnumótun leiðir af sér.

ÍTR leggur sem fyrr áherslu á að með öflugum samráði og samstarfi í hverfum borgarinnar skapist vettvangur verkefna og sóknarfæra sem knúin eru áfram af vilja fólksins sem þar býr og starfar. Áhrif stefnumótunar á hlutverk ÍTR, þróun starfsemi og samskipti við ólíka hagsmunaaðila munu koma skýrar fram á næstu mánuðum. Virk þátttaka starfsfólks ÍTR við að móta hlutverk og þjónustu ÍTR hefur verið ómetanleg og lykilatriði við að hrinda góðum málum í framkvæmd.

Skipurit fyrir Íþróttá- og tómstundasvið



Hlutverk Íþróttá- og tómstundasviðs

Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.

Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.


Eiga gott samstarf við íþróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.

Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi

Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.

Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

Stefnukort ÍTR 2013



Helstu verkefni 2013

Þjónusta

Jákvæð umgjörð íþróttá- og tómstundastarfs

ÍTR stuðlar að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttum tómstundum í samstarfi við fjölmarga aðila. Lögð er áhersla á að byggja upp og auka nýtingu á fjölbreyttri aðstöðu til afþreyingar, fræðslu, hollrar hreyfingar og útivistar í borginni.

- *Settur verður á laggirnar starfshópur sem mótar þjónustustefnu ÍTR. Hópnunum er gert að ljúka störfum fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2014.*
- *Þegar stefnumótun um framtíðarsýn fyrir sundlaugarnar í Reykjavík til næstu 20 ára liggur fyrir verði skipaður starfshópur sem móti tillögur að forgangsroðun verkefna.*

Hvatning og stuðningur við ungt fólk

ÍTR leitast við að skapa ungu fólki aðstöðu til félags- og tómstundastarfa þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. ÍTR leggur áherslu á að styrkja uppbyggingu íþróttá- og æskulýðsstarfs í borginni. Ungu fólki standi til boða þátttaka í námskeiðum og tímabundnu starfi sem hefur að markmiði að virkja einstaklinga.

- *Nýta styrkjakerfi ÍTR til að jafna aðstöðumun milli hverfa í borginni í samráði við önnur svið borgarinnar, frjáls félög og samtök þeirra.*

Öryggi og gæði

Stuðlað sé að velferð og heilbrigði almennings með því að tryggja að til staðar sé góð og örugg aðstaða sniðin að þörfum notendanna. ÍTR leggur áherslu á góða þjónustu sem einkennist af fordómaleysi og virðingu. Þekking sem skapast við nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði íþróttá- og tómstundamála auki skilvirkni, hagkvæmni og gæði í starfsemi.

- *Halda utan um þekkingu sem skapast við þróunarverkefni og sérhæfða starfsemi á sviði íþróttá- og tómstundamála.*
- *Úttekt verði gerð á öryggismálum í sundlaugum ÍTR*

Verklag

Skýrir verkferlar

ÍTR leggur áherslu á skýra verkferla þannig að meðferð erinda verði skilvirk og öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila. Verkferlar verði birtir í handbók ÍTR á innri vef.

- *Skýra verklag og boðleiðir vegna samstarfs og samninga ÍTR við önnur svið borgarinnar og verkefna sem deilast á 2 eða fleiri svið. Dæmi um verkefni: Útivist og útivistarsvæði, vetrarhátíð, menningarnótt, Reykjavíkurmaraþon, 17. júní, kannanir, skólasund, nýting mannvirkja og fl.*

- *Skýra verkferla varðandi þátttöku sundlauga ÍTR í verkefninu Græn skref Reykjavíkurborgar.*

Aðgengilegar upplýsingar

ÍTR leitast við að koma á framfæri upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði fyrir borgarbúa með skilvirkum hætti.

- *Mótaðar verði verklagsreglur um fyrirkomulag auglýsinga- og kynningarmála og úmyndarvinnu ÍTR.*

Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða

ÍTR leggur áherslu á mikilvægi þess að ástand mannvirkja, útivistarsvæða, tækja og búnaðar hamli ekki starfsemi og sem minnst truflun verði vegna síðbúins viðhalds eða viðgerða.

- *Gerð verði úttekt á húsnæði siglingaklúbbsins Sigluness. Gerð verði áætlun um viðhald og endurnýjun til næstu þriggja ára.*

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

ÍTR leitar leiða til að efla samskipti og samráð við notendur þjónustunnar, starfsfólk á vettvangi, stjórnáamenn, íþróttafélög, æskulýðsfélög og sérfræðinga. Lögð er áhersla á virkt samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans.

- *Þróa hugmyndafræði um ungmennastarf í borginni með sérstakri áherslu á samstarf Hins Hússins við hverfin í borginni. Markmið verði að tryggja ungu fólki fjölbreyttari tækifæri til íþróttar-, menningar- og tómstundastarfs.*

Mannauður

Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi

ÍTR vill stuðla að jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir starfsfólki kleift að vaxa og dafna í starfi. Lögð verður áhersla á að skapa umhverfi sem er faglegt og hvetjandi með áherslu á starfsþróun starfsfólks og markvissa upplýsingamiðlun. Hlúð verður að mannauði og með þeim hætti styrkt sú ímynd að ÍTR sé eftirsóknarverður vinnustaður.

- *Efla tengsl milli starfsstaða ÍTR með vettvangsheimsóknunum og starfsstaðakynningum.*
- *Vinna drög að starfstengdu námi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja.*

Hæft og áhugasamt starfsfólk

ÍTR vill stuðla að starfsánægju með því að efla liðsanda, standa vörð um jafnrétti og skapa sveigjanlegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að vinnuaðstæður

starfsfólks ÍTR séu í samræmi við lög og reglur og starfsfólk hvatt til að gæta heilsu sinnar og öryggis í starfsumhverfinu.

- *Þróa verklag varðandi innra eftirlit mannauðsmála. Áhersla lögð á eftirlit með jafnrétti og jafnræði.*
- *Vinna áætlun um öryggismál og heilsuvernd á starfsstöðum ÍTR.*

Árangursríkir stjórnunarhættir

Leitast er við að laða fram þekkingu og reynslu starfsmanna og nýta við þróun þjónustunnar og umbótastarf. ÍTR leggur áherslu á stjórnunarhætti sem fela í sér gagnsæi, dreifða ábyrgð og sameiginlega ákvarðanatöku.

- *Skýra verkferla varðandi ákvarðanatöku og miðlun upplýsinga í nýju stjórnsýslufyrirkomulagi þar sem unnið er út frá þáttökumiðaðri stjórnun.*

Fjármál

Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi stefnumörkun. Horft er til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR leitast við að skapa rekstrarumhverfi sem byggir á sveigjanleika þar sem forsendur og aðstæður hverrar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu. Rekstrarumhverfi starfsstaða verði styrkt með auknu sjálfstæði þeirra og innra eftirliti.

- *Styrkja verklag við gerð fjárhagsáætlunar.*
- *Leita leiða til að auka upplýsingaflæði milli starfsstaða og innkaupadeildar.*

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

Innan ÍTR er lögð áhersla á að vinna nákvæmar fjárhagsáætlunir þar sem tekið er tillit til stærðar mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Vönduð kostnaðargreining sé ávallt grundvöllur að ákvörðun um starfsemi. Fjárhagsrammar séu skýrir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið. Tryggt sé að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi.

- *Fjárhagsrammar séu gagnsæir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið og uppgjör tímabila.*

Lykiltölur ÍTR

	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011*	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna	1203	311	311	395
Fjöldi stöðugilda	538	187	177	214
Fjöldi ársverka			177	214
Vinnuframlag		219,8	206,7	246,9
Fjöldi yfirvinnustunda		68.150	61.851	68.470
Fjöldi vinnustunda með vaktálagi		140.351	149.303	147.147
Eknir km. á ári skv. samningum		95.465	89.281	89.281
Aðsóknartölur				
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús	1.900	1.792	1.800	1.822
Aðsókn að Ylströnd í þús	472	414	470	470
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús	190	194	184	160
Börn á námskeiðum í Húsdýragarði	207	229	229	229
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	4.452	4.800	4.800	6.800
Börn á námskeiði í siglingaklúbbnum Siglunesi	337	320	250	500
Rekstrartölur				
Heitt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	1.616	1.650	1.680	1.801
Kalt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	784	765	790	800
Raforkunotkun í þús.kílóvattastundum, alls ÍTR	6.183	5.900	6.000	6.050
Frístundakortið - ráðstöfun				
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	68%	75%	78%	81%
- Stelpur	73%	77%	80%	81%
- Strákar	69%	73%	76%	78%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	76%	77%	86%	90%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	75%	85%	86%	88%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	66%	74%	75%	77%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	46%	55%	57%	58%
Frístundakortið - skráning				
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	79%	87%	88%	89%
- Stelpur		87%	88%	89%
- Strákar		86%	87%	88%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	92%	99%	99%	99%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	87%	93%	96%	97%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	79%	85%	86%	86%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	62%	66%	67%	68%
Fjöldi félaga með aðild	170	203	214	218

Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga		46%	50%	52%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi		18%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga		2%	3%	3%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs		14%	15%	15%
Styrkir til félaga				
Rekstrarstyrkir	243.918	227.227	242.578	263.560
Húsaleigustyrkir	484.449	477.681	490.153	613.649
Greiðsla vegna mannvirkja	690.981	828.212	872.902	895.925
Aðrir styrkir	59.000	57.600	49.100	65.600
Byggingastyrkir	46.800	45.000	49.000	96.599
Styrkir ráðsins	15.000	10.000	10.000	10.000
Sumarráðningar ungs fólks				
Fjöldi ráðinn af íþrótt- og æskulýðsfélögum	210	231	180	
Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR	251	278	315	
Fjöldi umsækjenda um sumarstörf	4.311	5.116	4.403	
Heildarfjöldi ráðinna	1.524	1.947	1.577	
Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsinu	147	81	150	
Hitt Húsið				
Fjöldi viðburða	442	466	902	900
Fjöldi virkra í viðburðum	6.550	6.681	18.673	18.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	88.664	92.373	80.696	90.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans	4.774	6.000	24.049	25.000
Fyrirspurnir á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans (frá 2012)	281	370	457	500
Húsnæði og vellir				
Fermetrar í innri leigu*	60.075	60.075	60.075	60.075
Fermetrar í leigu hjá öðrum	31.925	35.690	35.690	35.690
Fjöldi fermetra á grasvöllum	295.368	302.743	310.743	310.743
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	55.900	55.900	63.000	63.000

Skorkort 2013

Velgengispættir	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Þjónusta			
Jákvæð umgjörð íþróttá- og tólmundastarfs			
Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)	1792 / 1910	1812	1850
Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið	87%	88%	89%
Hvatning og stuðningur við ungt fólk			
Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	75 / 71%	78%	81%
Öryggi og gæði			
Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	75%	86%	80%
Verklag			
Skýrir verkferlar			
Fjöldi verkferla á innri vef	50	30	30
Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	88%	89%	90%
Aðgengilegar upplýsingar			
Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	80%	70%	80%
Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku	(7000)	4274	5000
Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	50%	59%	60%
Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða			
Hlutfall viðhaldsverkefna og úttekta sé lokið innan viðmiðunartíma	80% lokið	90%	95%
Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila			
Fjöldi styrkhæfra samstarfsverkefna	37	40	25
Mannauður			
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi			
Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuástandið sína góða	88%	63%	80%
Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	84%	71%	80%
Hæft og áhugasamt starfsfólk			
Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	91%	81%	85%
Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	70%	69%	70%
Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	78%	5%	75%
Árangursríkir stjórnunarhættir			

Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	92%	85%	85%
Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	85%	71%	80%
Fjármál			
Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna			
Álagning í sölustarfsemi	50%	50%	50%
Innheimtuhlutfall krafna	98%	99%	99%
Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar			
Fjárhagsáætlun vs. raun %	+/- 1%	+/- 1%	+/- 1%

Fjárhagsáætlun ÍTR 2013

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 3,7% frá meðalverðlagi 2012 auk þess sem leiðrétt er fyrir vanáætlun á hækkun verðlags í áætlun 2012. Alls hækka því almennar forsendur um 5,4% frá fyrra ári. Launahækkun samkvæmt kjarasamningum eru 3,5% að lágmarki.

Gjaldskrár fylgja verðlagsþróun og er hækkun að meðaltali 5,4%.

Nokkrar breytingar eru gerðar á afgreiðslutíma sundlauga og Ylstrandar. Helgaropnun sundlauga er samræmd og lengd um klukkustund. Á Ylströnd er gerð tilraun með að fjölga opnunartímum á vorönn og auka þjónustu vegna sjósunds.

Í framhaldi af nýrri stefnumótun í íþróttamálum er unnið að endurskoðun þjónustusamninga við Íþróttabandalag Reykjavíkur, fyrir hönd íþróttafélaga, og æskulýðsfélög í borginni.

Íþrótt- og tómsundasvið leigir mannvirki fyrir háar fjárhæðir af utanaðkomandi aðilum svo sem Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllina, íþróttahús í Norðlingaholti og Hitt Húsið. Rekstarútgjöld sviðsins skiptast þannig að 47% útgjalda fer í að greiða húsaleigu, 32% í innri leigu og 15% í húsaleigu til þriðja aðila. Töluvert af leigukostnaðinum vegna mannvirkja má flokka sem styrki til íþróttastarfsemi. Beinar styrkveitingar nema um 21% af brúttóútgjöldum sviðsins sem er sama hlutfall og fer í launakostnað. Kostnaður vegna orku nemur 3% af brúttóútgjöldum. Styrkir til íþrótt- og æskulýðfélaga og innri leiga af mannvirkjum í þeirra þágu nemur um 58% af rekstrarkostnaði ÍTR.

Í rammaúthlutun vegna Frístundakortsins er gert ráð fyrir 65% nýtingu þess en ljóst er að nýting þess verður mun hærrí eða rúm 80% árið 2013 eins og sjá má á þróun nýtingarhlutfalls undanfarin ár. Þessi munur mun að óbreyttu valda viðvarnadi halla.

Gerð hefur verið áætlun um aukna frítímaþjónustu á vegum Hins Hússins fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Undanfarin ár hefur verið unnið að þróun þjónustunnar meðal annars með fjárveitingum frá velferðarráðuneytinu. Við yfirfærslu á máefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var þessi þjónusta ekki skilgreind en vonast er til að fyrir áætlunargerð 2014 verði kostnaður við starfsemi í ramma ÍTR.

Viðauki

Í viðauka eru birt eftirtalin fylgiskjöl með starfsáætlun ÍTR:

1. Verkefnaskrá ÍTR 2013
2. Helstu verkefni sem unnið var að 2012
3. Úr gagnagrunni Frístundakortsins eru myndir sem sýna þróun heildarþátttöku í starfi félaga og hversu margir nýta Frístundakortið í aldurshópunum 6 – 9 ára, 10 – 12 ára, 13 – 15 ára og 16 – 18 ára. Gögn frístundakortsins eru greind eftir pósthverfum.

Myndirnar eru á pdf formi og auðvelt að skoða þær á tölvuskjá með því að stækka skjalið á skjánum.

Verkefnaskrá ÍTR 2013

Þjónusta

Jákvæð umgjörð íþróttá- og tómstundastarfs

ÍTR stuðlar að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttum tómstundum í samstarfi við fjölmarga aðila. Lögð er áhersla á að byggja upp og auka nýtingu á fjölbreyttri aðstöðu til afþreyingar, fræðslu, hollrar hreyfingar og útivistar í borginni.

- Settur verði á laggirnar starfshópur sem vinni að mótun þjónustustefnu ÍTR.
Verkefni: Móta tillögur að þjónustustefnu ÍTR
Tímaáætlun: Skipa fulltrúa og setja erindisbréf í janúar. Vinnu hópsins skal lokið fyrir gerð starfsáætlunar 2014.
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri
- Þegar stefnumótun um framtíðarsýn fyrir sundlaugarnar í Reykjavík til næstu 20 ára liggur fyrir verði skipaður starfshópur sem móti tillögur að forgangsröðun verkefna.
Verkefni: Móta tillögur að forgangsröðun verkefna, annars vegar til skamms tíma og hins vegar með hliðsjón af áætlunum borgarinnar til lengri tíma
Tímaáætlun: Skipa fulltrúa og setja erindisbréf þegar umsagnarferli er lokið og framtíðarsýnin samþykkt. Vinnu hópsins skal lokið fyrir gerð starfsáætlunar 2014.
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Hvatning og stuðningur við ungt fólk

ÍTR leitast við að skapa ungu fólki aðstöðu til félags- og tómstundastarfa þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. ÍTR leggur áherslu á að styrkja uppbyggingu íþróttá- og æskulýðsstarfs í borginni. Ungu fólki standi til boða þátttaka í námskeiðum og tímabundnu starfi sem hefur að markmiði að virkja einstaklinga.

- Nýta styrkjakerfi ÍTR til að jafna aðstöðumun milli hverfa í borginni í samráði við önnur svið borgarinnar, frjáls félög og samtök þeirra.
Verkefni: Ákveða verklag.
Tímaáætlun: Allt árið
Ábyrgð: Skrifstofustjóri íþróttá- og tómstundasviðs

Öryggi og gæði

Stuðlað sé að velferð og heilbrigði almennings með því að tryggja að til staðar sé góð og örugg aðstaða sniðin að þörfum notendanna. ÍTR leggur áherslu á góða þjónustu sem einkennist af fordómaleysi og virðingu. Þekking sem skapast við nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði íþróttá- og tómstundamála auki skilvirkni, hagkvæmni og gæði í starfsemi.

- Halda utan um þekkingu sem skapast við þróunarverkefni og sérhæfða starfsemi á sviði íþróttá- og tómstundamála.
Verkefni: Stofna starfshóp um verkefnið og útfæra skráningarkerfi með það að markmiði að til verði gagnabanki á innri vef og í handbók. Dæmi um verkefni: Klórverkefnið, greining á kynbundinni aðsókn í sundlaugar, þjónusta við fötlud ungmenni, gerð tæknihandbókar og fl.
Tímaáætlun: Allt árið
Ábyrgð: Skrifstofustjóri þjónustu- og rekstrar

- Úttekt verði gerð á öryggismálum í sundlaugum ÍTR
Verkefni: Gera úttekt í samráði við eftirlitsaðila.
Tímaáætlun: Janúar til apríl
Ábyrgð: Forstöðumaður Breiðholtslaugar

Verklag

Skýrir verkferlar

ÍTR leggur áherslu á skýra verkferla þannig að meðferð erinda verði skilvirk og öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila. Verkferlar verði birtir í handbók ÍTR á innri vef.

- Skýra verklag og boðleiðir vegna samstarfs og samninga ÍTR við önnur svið borgarinnar og verkefna sem deilast á 2 eða fleiri svið. Dæmi um verkefni: Útivist og útivistarsvæði, vetrarhátíð, menningarnótt, Reykjavíkumaraþon, 17. júní, kannanir, skólasund, nýting mannvirkja og fl.
Verkefni: Skipa starfshóp sem skilgreini verklag og boðleiðir.
Tímaáætlun: Apríl til nóvember
Ábyrgð: Skrifstofustjóri ÍTR.
- Skýra verkferla varðandi þátttöku sundlauga ÍTR í verkefninu Græn skref Reykjavíkurborgar.
Verkefni: Allir sundlaugar hefji innleiðingu Grænna skrefa.
Tímaáætlun: Janúar til september.
Ábyrgð: Fulltrúi ÍTR í starfshópi Grænna skrefa.

Aðgengilegar upplýsingar

ÍTR leitast við að koma á framfæri upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði fyrir borgarbúa með skilvirkum hætti.

- Mótaðar verði verklagsreglur um fyrirkomulag auglýsinga- og kynningarmála og ímyndarvinnu ÍTR.
Verkefni: Skipaður verði starfshópur sem greini núverandi fyrirkomulag og geri tillögur að verklagsreglum. Í hópnum sitji auk ábyrgðarmanns, fulltrúar starfsstaða, skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar
Tímaáætlun: Janúar til maí
Ábyrgð: Verkefnastjóri upplýsinga- og tæknimála

Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða

ÍTR leggur áherslu á mikilvægi þess að ástand mannvirkja, útivistarsvæða, tækja og búnaðar hamli ekki starfsemi og sem minnst truflun verði vegna síðbúins viðhalds eða viðgerða.

- Gerð verði úttekt á aðstöðu siglingaklúbbsins Sigluness. Gerð verði áætlun um viðhald og endurnýjun til næstu þriggja ára.
Verkefni: Gera úttekt og vinna áætlun í samráði við FER
Tímaáætlun: Febrúar
Ábyrgð: Framvkæmdastjóri ÍTR og forstöðumaður Sigluness.

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

ÍTR leitar leiða til að efla samskipti og samráð við notendur þjónustunnar, starfsfólk á vettvangi, stjórnmalamenn, íþróttafélög, æskulýðsfélög og sérfræðinga. Lögð er áhersla á virkt samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans.

- Þróa hugmyndafræði um ungmennastarf í borginni með sérstakri áherslu á samstarf Hins Hússins við hverfin í borginni. Markmið verði að tryggja ungu fólki fjölbreyttari tækifæri til íþróttar-, menningar- og tómstundastarfs.
Verkefni: Þróa hugmyndafræði og skýra hlutverk Hins Hússins varðandi samstarf um úrræði í hverfum.
Tímaáætlun: Verði lokið fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2014
Ábyrgð: Forstöðumaður Hins Hússins

Mannauður

Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi

ÍTR vill stuðla að jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir starfsfólki kleift að vaxa og dafna í starfi. Lögð verður áhersla á að skapa umhverfi sem er faglegt og hvetjandi með áherslu á starfsþróun starfsfólks og markvissa upplýsingamiðlun.

Hlúð verður að mannaði og með þeim hætti styrkt sú ímynd að ÍTR sé eftirsóknarverður vinnustaður.

- Efla tengsl milli starfsstaða ÍTR með vettvangsheimsóknnum og starfsstaðakynningum.
Verkefni: Starfskynningar og starfsstaðaheimsóknir skipulagðar.
Tímaáætlun: Allt árið
Ábyrgð: Mannauðsráðgjafi.
- Vinna drög að starfstengdu námi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja.
Verkefni: Leitað verði fyrirmynda bæði hérlendis og erlendis um formlegt starfstengt nám og sett fram áætlun um framkvæmd.
Tímaáætlun: September
Ábyrgðarmaður: Mannauðsráðgjafi

Hæft og áhugasamt starfsfólk

ÍTR vill stuðla að starfsánægju með því að efla liðsanda, standa vörð um jafnrétti og skapa sveigjanlegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að vinnuaðstæður starfsfólks ÍTR séu í samræmi við lög og reglur og starfsfólk hvatt til að gæta heilsu sinnar og öryggis í starfsumhverfinu.

- Þróa verklag varðandi innra eftirlit mannaðsmála. Áhersla lögð á eftirlit með jafnrétti og jafnræði.
Verkefni: Endurskipa mannréttindanefnd ÍTR. Skipuleggja fræðslu fyrir stjórnendur og starfsmenn. Gera úttekt á kynbundnum launamun. Skilgreina verklag við eftirlit.
Tímaáætlun: September
Ábyrgð: Starfsmannastjóri
- Vinna áætlun um öryggismál og heilsuvernd á starfsstöðum ÍTR.
Verkefni: Skipa starfshópsem vinni áætlun um heilsuvernd starfsfólks og greini áhrifaþætti varðandi líðan, heilsu og öryggi í vinnuumhverfinu.

Tímaáætlun: Apríl
Ábyrgð: Starfsmannastjóri

Árangursríkir stjórnunarhættir

Leitast er við að laða fram þekkingu og reynslu starfsmanna og nýta við þróun þjónustunnar og umbótastarf. ÍTR leggur áherslu á stjórnunarhætti sem fela í sér gagnsæi, dreifða ábyrgð og sameiginlega ákvarðanatöku.

- Skýra verkferla varðandi ákvarðanatöku og miðlun upplýsinga í nýju stjórnarsýslufyrirkomulagi þar sem unnið er út frá þáttökumiðaðri stjórnun.
Verkefni: Ákveða verklag. Tryggt verði að fundargerðir og ákvarðanatöku sem varðar starfsemi verði aðgengilegt og kynnt á starfsmannafundum.
Tímaáætlun: Janúar
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Fjármál

Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi stefnumörkun. Horft er til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR leitast við að skapa rekstrarumhverfi sem byggir á sveigjanleika þar sem forsendur og aðstæður hverrar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu. Rekstrarumhverfi starfsstaða verði styrkt með auknu sjálfstæði þeirra og innra eftirliti.

- Leita leiða til að auka upplýsingaflæði milli starfsstaða og innkaupadeildar.
Verkefni: Kannaðir verði kostir þess að nýta innkaupavef innkaupaskrifstofu og kynna stjórnendum tækifæri sem felast í þjónustu innkaupadeildar og samlegðaráhrif sameiginlegra innkaupa starfsstaða.
Tímaáætlun: Allt árið
Ábyrgð: Fjármálastjóri

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

Innan ÍTR er lögð áhersla á að vinna nákvæmar fjárhagsáætlunir þar sem tekið er tillit til stærðar mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Vönduð kostnaðargreining sé ávallt grundvöllur að ákvörðun um starfsemi. Fjárhagsrammar séu skýrir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið. Tryggt sé að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi.

- Fjárhagsrammar séu gegnsærir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið og uppgjör tímabila.
Verkefni: Áætlanaskil starfsstaða og uppgjörsskýrslur verði endurskoðað og rekstrarráttur liggja fyrir í byrjun árs.
Tímaáætlun: Apríl
Ábyrgð: Fjármálastjóri

Helstu verkefni 2012

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Reglubundin verkefni eins og fjárhagsáætlun, mánaðaruppgjör, ársuppgjör, innheimta, ofl.

Útgáfa á hlunnindakorti starfsmanna.

Lokið var vinnu við stjórnarsýslubreytingar og yfirfærslu verkefna frá ÍTR til SFS.

Nýtt fyrirkomulag tekið í gagnið varðandi rekstraruppgjör og upplýsingagjöf sundstaða

Mannauðsþjónusta

Fræðsluáætlun ÍTR var unnin fyrir árið.

Unnið var að tilraunaverkefni í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð.

Tvö þjónustunámskeið voru haldin, „Að veita framúrskarandi þjónustu“ og „Að eiga við kvartanir og krefjandi þjónustuþega“.

Námskeið voru haldið um gerð starfslýsinga, meðferð hættulegra efna, viðbrögð við slysum og VinnuStundin mín. Einnig voru haldin stjórnendanámskeið,

skyndihjálparkennsla fyrir starfsmenn í sundlaugum og laugavarðapróf og

upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi fyrir starfsfólk sundlauga og íþróttamannvirkja.

Rabkvöld starfsfólks starfsstaða var haldið í nóvember.

Sumarráðningar til félaga og afleysingarstarfa.

Nokkur atvinnuáttaksverkefni voru sett af stað á árinu.

Íþróttamál

Helstu framkvæmdir og viðhald

Öryggismyndavélakerfi allra sundstaða voru endurbætt. Skjáir, myndavélar og upptökubúnaður endurnýjað eftir þörfum.

Árbæjarlaug

Unnið var að endurbótum á stýrikerfi, nýtt eimbað og nuddpottur var tekið í notkun.

Breiðholtslaug

Undirbúningur vegna nýs eimbaðs hafinn.

Grafarvogslaug

Nýtt eimbað tekið í notkun, geymslurými stækkað og settur upp drykkjarfontur.

Endurbætur á nuddpotti, dælur og stútar endurnýjað.

Leiktækjum fyrir börn fjölgað.

Málað og dúklagt í andyri, búningsklefum og starfsmannarými.

Upphitunarbúnaði þriggja vatnskerfa breytt með beintenginu og varmaskiptar fjarlægðir.

Laugardalslaug

Gönguleiðir innan laugarsvæðis upphitaðar og lagðar gúmmýfirborði. Viðgerðum fram

haldið á stúku og byggður nýr sjópottur. Flísalögn endurnýjuð á eldri potti, útiklefar

endurbyggðir, hreystivöllur byggður, eimbað endurbyggt og hafin endurbygging

búningsklefa. Sett voru upp klórframleiðslutæki fyrir útilaug og potta. Þrautabraut og

rennibraut var sett upp í barnalaug. Jarðvinna vegna strandblaksvalla hafin.

Sundhöll

Viðhaldsverk unnin á mannvirki utanhúss. Klórtæki

Vesturbæjarlaug

Múrviðgerðir utanhúss og málun. Skipt um glugga og gler í sólgangi og kennaraherbergi.

Salerni og ræstigeymslu víxlað í afgangi. Neyðarbúnaður yfirfarinn og endurbættur.

Öryggisbúnaður vegna kolsýruleka settur upp. Endurbætur voru gerðar á útiklefum. Hönnun hafin á fjölnota potti.

Ylströnd

Eimbað tekið í notkun. Endurbætur á lögnum.

Uppbygging í Úlfarsárdal

Lokafrágangur við æfingavelli og gervigrasvöll.

Kjalarnes

Grasvöllur tekinn í notkun.

Sparkvellir

Við Selásskóla og Borgaskóla.

Skíðasvæði

Í Bláfjöllum: Ný klæðning var sett á vélaskemmu. Ný lyfta keypt og sett upp og “töfrateppi” lagt. Brettagarður var stækkaður auk þess unnið að landmótun í Kormáki. Skáli var færður til á svæðinu og ný 350 metra snjógirðing sett upp. Í borginni var gerð tilraun með snjóframleiðslu og ný skíðalyfta sett upp.

Þróun og upplýsingamál

Vefmál

Vefsíður starfsstaða ÍTR endurhannaðar og nýtt kerfi sett upp.

Gagnvirkur leitar- og upplýsingavefur um íþrótt- og tómsundastarf í Reykjavík fyrir börn og unglinga uppfærður.

Unnið að þróun gagnvirkis vefs um nýtingu og skráningu á húsnæði og fl. í samstarfi við ÍBR.

Samstarfs- og þróunarverkefni

Unnið að stefnumótun í málefnum 16 ára og eldri í samstarfi við önnur svið og fagnefndir. Styrkir voru veittir til fjölda samstarfsverkefna í hverfum undir hatti “Ódýrari frístunda”.

Sett fram drög að nýrri forvarnastefnu borgarinnar.

Sett fram ný stefna borgarinnar í upplýsingatæknimálum.

Unnin var úttekt og lagðar fram tillögur varðandi þjónustu í Hinu Húsinu fyrir fatlaða framhaldsskólanema.

Rannsóknir og kannanir

Kynning þátttöku í skipulögðu starfi félaga.

Gerð var úttekt á “Ódýrari frístundir” verkefnum í hverfum. Skýrsla liggur fyrir.

Þjónustukönnun var gerð meðal gesta Sundhallarinnar

Gerð var könnun meðal borgarbúa varðandi þjónustu sundlauganna og aðstöðu til íþróttaiðkunar. Könnunin var hluti af þjónustukönnun borgarinnar.

Frístundakortið.

Greining var unnin úr frístundakortskerfinu á þátttöku barna og unglinga í skipulagðri starfsemi félaga. Nýr úrvinnsluvefur settur upp fyrir tölfræði og greiningu á þátttöku í félagastarfi í borginni. Styrkir til sérstakra samstarfsverkefna í hverfum voru veittir til 13 aðila.

Skrifstofa sviðsstjóra

Stefnumótun og þróunarverkefni

Lokið stefnumótun ÍTR og ÍTR í íþróttamálum til ársins 2020

Samráðfundir haldnir milli ÍTR og ÍBR um eftirfylgd stefnumótunar og framkvæmdaáætlun.

Stefnumótunarhópur um starfsemi og uppbyggingu sundlauga var að störfum.

Samskipti við Strætó um „frístundaakstur“ og fl.

Vinnuhópar voru skipaður um ýmis mannvirkjamál s.s. sundlaugar, útvistarsvæði og íþróttasvæði.

Samningar

Samkomulag var gert milli sveitarfélög sem aðild eiga að rekstri skíðasvæða fyrir árið 2013.

Í þjónustusamningi sem gerður var við ÍBR er kveðið á um stuðning við

Afreksíþróttamiðstöð í Laugardal

Lokið var við gerð þjónustusamninga við ÍBR fyrir hönd íþróttafélaga.

Úttektir og skýrslur

Úttekt var gerð á rekstri íþróttafélaga - Skýrsla liggur fyrir.

Úttekt var gerð á mannvirkjum félaga - Skýrsla liggur fyrir ásamt forgangsröðun og kostnaðarmati.

Viðræður teknar upp milli ÍTR, ÍBR og Menntamálaráðuneytis um úttekt á hagrænum gildum íþróttu.

Samráð

Íþróttamálstofa í samvinnu við ÍBR og íþróttafélögin var haldin í okt.

Vinnuhópur var skipaður vegna rekstrarfyrirkomulags íþróttahúsa grunnskóla.

Unnið var að skilgreiningu þjóðleikvanga í samráði við ráðuneyti.

Í samvinnu við SSH var unnið að þróun samstarfs um uppbyggingu og rekstur mannvirkja fyrir íþróttastarfsemi og útisvæði.

Fjölskyldu- og húsdýragarður

Námsskeið haldin fyrir grunn- og leikskóla skv. námskrá FHG. Helgarnámskeið, s.k.

Vinamorgnar, voru haldin fyrir árskorthafa. Hafin vinna við gerð viðhaldsbókar FHG.

Árleg endurskoðun slysa- og viðbragðsáætlunar varðandi gesti, starfsfólk og dýr.

Aðalskoðun og standsetning fór fram á leiktækjum í fjölskyldugarði. Áframhald var á fræðsluferðum starfsfólks í stofnarnir, fyrirtæki og býli með skylda starfsemi.

Starfslýsingar voru endurunnar. Öryggisbúnaður og vinnufatnaður starfsmanna var endurnýjað. Unnin var þarfagreining vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vaðleikjasvæði var endurbætt.

Hitt Húsið

Atvinnumál

Atvinnuráðgjöf fyrir ungt fólk. Initiative me (Frumkvæði ég). Nordplus. Óhefðbundnar

leiðir fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Sumarstörf hjá Reykjavíkurborg og vinnumiðlun.

Vinnustaðanáám. Vítamín, námskeið fyrir atvinnulaust ungmenni.

Ráðgjöf og stuðningur

Eurosong (Evrópsk söngvakeppni). Frístundastarf eftir hádegi fyrir fatlaða

framhaldsskólanema. Klúbbastarf fyrir fötluð ungmenni. List án landamæra. Opið

kvöldstarf fyrir fötluð ungmenni (Tipp Topp og Ungtopp). Sumarstörf fyrir fötluð

ungmenni (Toppstarf). Þróunarverkefni og tillögugerð til borgaryfirvalda varðandi

þjónustu við fötluð ungmenni. Jafningjafraeðslan. Tótalráðgjöf. Ungt fólk með Ungana

sína. Vinfús (stuðningur við félagslega einangruð ungmenni).

Menning

Fimmtudagsforleikur. Gallerí Tukt. Götuleikhús. Listhópar. Menningarnótt.
Músíktílaunir. SEN (Stage Europe network) – 6 landa samstarf á tónlistarsviðinu.
Unglist. Vetrarhátíð

Upplýsingamál

Aðstaða fyrir félög og samtök. Áttavitinn (upplýsingavefur fyrir ungt fólk). EVS
sjálfboðaliðastarf. Flóamarkaður. Upplýsingamiðstöð. Útprá.

Önnur verkefni

17. júní. Umsjón með Skrekk.